

26. nóvember 2010

**Kynning á samstarfi um endurheimt votlendis:
Ræða Rannveigar Rist**

Góðir gestir

Við erum hér að hleypa formlega af stokkunum ákaflega spennandi verkefni, sem ég hef trú á að geti markað ákveðin þáttaskil í aðgerðum í loftslagsmálum.

Frá framræstu landi á Íslandi streymir – varlega áætlað – tvisvar sinnum meira af koldíoxíði en frá öllum bílafloða landsmanna. Eins ótrúlega og þetta hljómar benda mælingar Hlyns Óskarssonar og samstarfsfólks hans til þess, að losunin sé hugsanlega margfalt meiri. Séu þær vísbendingar réttar, gæti framræst land verið að losa koldíoxíð á við milljón fólksbíla.

Gildi Alcan á Íslandi eru ábyrgð, virðing, samvinna og heilindi. Ábyrgð sýnum við meðal annars með því að horfast í augu við þá staðreynd, að álframleiðslu fylgja ýmis áhrif á umhverfið, meðal annars losun gróðurhúsalofttegunda. Ábyrgðin felst líka í því að freista þess að draga úr áhrifunum eins og mögulegt er.

Álverið í Straumsvík hefur náð mjög miklum árangri í þeim efnum. Frá 1990 hefur losunin á hvert framleitt tonn minnkað um 75 prósent, og er nú með því minnsta sem þekktist í nokkru álveri í heiminum.

Ekki má heldur gleyma því, að eldsneytissparnaðurinn sem hlýst af því að létta bifreiðar með því að nota í þær ál í stað þyngri málma, gerir meira en að vega upp þá losun sem hlýst af framleiðslu álsins.

En við viljum gera enn betur.

Þar sem ljóst er að við nálgumst óðum takmörk þess sem hægt er að ná fram í rekstri álversins sjálfs, höfum við velt fyrir okkur mótvægisáðgerðum á öðrum vettvangi. Niðurstaðan var ótvírætt sú, að endurheimt votlendis væri ákjósanlegur kostur.

Það er lykilatíði og mjög ánægjulegt að hafa náð samkomulagi við Votlendissetur Landbúnaðarháskólans um samstarf, því þar er fyrir hendi mjög mikil reynsla og framúrskarandi þekking á þessu sviði.

Ég vil því þakka Ágústi Sigurðssyni rektor skólans, og Hlyni Óskarssyni hjá Votlendissetrinu, fyrir þeirra jákvæðu viðbrögð og góðu samvinnu við að koma þessu samstarfi á.

Ég vil líka þakka umhverfisráðuneytinu fyrir velvilja í garð verkefnisins, en ráðuneytið kemur að því á þann hátt að það hefur tilnefnt einn fulltrúa í fimm manna verkefnisstjórn. Sá fulltrúi er Guðmundur Halldórsson, sviðsstjóri þróunarsviðs Landgræðslu ríkisins, og er verkefninu dýrmætur liðsauki.

Álverið í Straumsvík mun leggja til verkefnisins allt að 40 milljónum króna á næstu fjórum árum, en Votlendissetur mun annast framkvæmdina í umboði verkefnisstjórnar.

Yfirlýst markmið verkefnisins er að endurheimta 5 ferkílómetra af votlendi, og stöðva þannig á varanlegan hátt árlega losun á 2.500 tonnum af koldíoxíði, sem annars hefðu streymt frá þessum svæðum í áratugi.

Þetta jafngildir nokkurn veginn því að taka 600 fólksbíla úr umferð – ekki bara í eitt ár heldur í áratugi. Ef þetta markmið næst munum við því geta sagt, að við höfum kolefnisjafnað allan bílafloða starfsmanna álversins, en starfsmenn okkar eru um 450.

Hér er að vissu leyti um brautryðjendastarf að ræða og því er margt óvissu háð, bæði árangur og kostnaður. Við miðum þó við að kostnaður við endurheimt á hverjum ferkílómetra lands fari ekki yfir 6 milljónir króna, þannig að fjárframlagið gæti hugsanlega

dugað til að endurheimta meira en 5 ferkílómetra, ef vel tekst til og nægileg landsvæði finnast.

Hér er um svo nýstárlegt framtak að ræða að engir alþjóðlegir staðlar eru til um það hvernig mæla skuli árangurinn. Það er því einnig markmið verkefnisins að þróa aðferðir til þess. Á þann hátt gæti verkefnið orðið mikilvægt framlag til frekari vinnu á þessu sviði.

Sú aðgerð ein og sér að endurheimta votlendi er ekki dýr – og raunar fremur ódýr. En markmið okkar taka mið af því, að við gerum ráð fyrir umtalsverðum kostnaði við mælingar, bæði fyrir og eftir endurheimt, svo að hægt verði að sýna fram á árangurinn með óyggjandi hætti. Vonir okkar standa til þess að vægi þessa hluta í kostnaðinum minnki þegar fram líða stundir, þegar reynsla verður komin á mælingaraðferðir, þannig að unnt verði að endurheimta stærra landsvæði fyrir sama fé.

Forsenda árangurs er að samningar takist við landeigendur, og ánægjulegt er að nokkrir hafa þegar sýnt áhuga á samstarfi. Ekki verður greitt fyrir það land sem boðið verður fram til endurheimtar, en hún hefur ýmsa kosti í för með sér sem geta verið eftirsóknarverðir. Votlendi laðar að sér fjölbreytilegt fuglalíf, og einnig má gera ráð fyrir að þátttaka í verkefninu geti falið í sér tækifæri fyrir þá, sem vilja marka sér sérstöðu í grænni ferðamennsku.

Á gamlársgang verða liðin fjörutíu ár frá því að í Morgunblaðinu birtist fræg grein eftir Halldór Laxness, sem hann hefndi „Hernaðurinn gegn landinu“.

Tilfni greinaskrifanna voru virkjunaráform, og raunar er aðeins minnst á álverið í Straumsvík í greininni, í ekkert allt of vinsamlegum tón!

En skáldið vék einnig að votlendinu sem ræst hafði verið fram, í of miklum mæli að hans mati og margra annarra.

Ég leyfi mér að vitna í þessa grein, sem birtist á gamlársgang 1970, þar sem segir:

„Þúsundir hektara af mýrum standa nú með opnum skurðum sem ristir hafa verið í þeim tilgangi að draga úr landinu alt vatn; síðan ekki söguna meir: eftilvill var aldrei meiningin í alvöru að gera úr þessu tún. Fer ekki að verða mál til að verðlauna menn fyrir að moka ofaní þetta aftur?“

Og það er einmitt það sem núna stendur til að gera. Það er kominn tími til að taka þessari fjörutíu ára gömlu áskorun Nóbelskáldsins. Við gerum það með ánægju og væntum mikils af þessu starfi.